

Nd.

396. Frumvarp til laga

[232. mál]

um breyting á lögum nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

61. gr. laganna breytist á þessa leið:

a) Í stað „kr. 120 000.00“ í 2. málsg. 1. töluliðar komi: kr. 200 000.00.

b) Í stað „kr. 120.00“ í 3. tölulið komi: kr. 200.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því, að framlög Landnáms ríkisins til nýbygginga og endurbyggingar á íbúðarhúsum á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis hækki úr 120 þús. kr. í allt að 200 þús. kr. Á sama hátt gerir frumvarpið ráð fyrir því, að framlög Landnáms ríkisins til byggingar gróðurhúsa á garðyrkjuhýlum verði hækkuð úr 120 kr. á m² í 200 kr. á m².

Framlög til byggingar íbúðarhúsa í sveitum voru fyrst lögfest með breytingum á lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum árið 1957 og voru þá ákveðin 25 þús. kr. Síðan hafa framlög þessi verið hækkuð fjórum sinnum, nokkurn veginn í samræmi við verðlagshækkanir. Með lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. frá 1962 voru framlögin ákveðin 40 þús. Með breytingum á þeim lögum 1963 voru framlögin hækkuð í 50 þús. kr. og aftur 1964 í 60 þús. Síðasta breyting á þessu ákvæði var gerð með stofnlánadeildarlögum frá 5. apríl 1971, en þá voru framlög þessi ákveðin 120 þús. Síðan eru senn liðin þrjú ár.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1971 til 1. nóv. 1973 hefur byggingarvísitalan hækkað úr 535 stigum í 913 stig, eða um 70.65%. Ekki er með vissu hægt að segja, hve byggingarvísitalan hækkar mikið til 1. mars n. k., er hún verður næst reiknuð út, en búist er við, að hún fari í 970 stig og hafi því hækkað um 81.3% frá 1. júlí 1971.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að íbúðarhúsaframlagið og framlög til byggingar gróðurhúsa hækki um 66.7%, sem er nokkru minna en hækkun byggingarvísitölunnar. Flm. telja eðlilegt og nauðsynlegt að vinna þann mun upp með hækkuðum lánveitingum.

Framlög til byggingar gróðurhúsa eiga sér algerlega sambærilega sögu í lagaákvæðum um Landnám ríkisins og íbúðarhúsaframlögin.

Augljóst er, að eyðingarmáttur verðbólgunnar hefur nú leikið svo framlög til þessara tveggja framkvæmdaþátta, að nauðsynlegt er að hækka þau í samræmi við það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ella er eigi annað sýna en þau verði lítils sem einskis virði að skömmum tíma liðnum. Hækkun þeirra nú er og í samræmi við það, sem gert var á áratugnum 1962—71, eins og að framan er rakið. Því er þetta frumvarp flutt.